



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. maí 2025

Menntunarkröfur þjálfara í efstu deild karla og kvenna.

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 19. maí sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara. Um er að ræða breytingu á orðalagi er varðar menntunarkröfur en breytingin felur ekki í sér efnislega breytingu frá því sem áður var:

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er **yfirstrikað**.

REGLUGERÐ KSÍ
um menntun knattspyrnuþjálfara

2.gr.
Menntunarkröfur

2.1. Félag skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:


Þjálfun	Aðalþjálfari	Aðstoðarþjálfari	Markmannsþjálfari
Efsta deild karla og efsta deild kvenna	KSÍ Pro A gráða (KSÍ Pro tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2024)	KSÍ A gráða B og A1 (KSÍ A gráða tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2024)	KSÍ B markmannsþjálfaragráða (KSÍ A Markmannsþjálfaragráða tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2024)
1. deild karla, 2. deild karla og 1. deild kvenna	KSÍ A gráða	KSÍ B gráða og KSÍ A 1 námskeið að auki	KSÍ B Markmannsþjálfaragráða
3. deild karla, 4. deild karla, 2. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ A 1 námskeið að auki	KSÍ B gráða	KSÍ B Markmannsþjálfaragráða
Yfirþjálfari yngri flokka	KSÍ Afreksþjálfun unglinga		
3. og 4. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ A 1 námskeið að auki	KSÍ C gráða	KSÍ B Markmannsþjálfaragráða
Yfirþjálfari í 5., 6., 7. og 8. flokki	KSÍ B gráða		
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 8 eða 5 manna liðum	KSÍ B gráða	KSÍ C gráða	KSÍ Grunnnámskeið í markmannsþjálfun

Greinargerð:

Verið er að uppfæra orðalag reglugerðarinnar en líkt og sjá má á breyttum texta tóku þessar breytingar efnislega gildi fyrir keppnistímabilið 2024. Tekinn er af allur vafi auk þess sem reglan um markmannþjálfara er færð til samræmis við fyrri ákvörðun stjórnar þess efnis að fresta gildistöku kröfu um KSÍ A markmannsþjálfaragráðu.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2912.

Virðingarfyllst,
f.h. KSÍ


Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.